

Styrkur í hári

Hvað er eitt hár sterkt?

Hárið á þér er gert úr dauðum frumum og sömuleiðis neglurnar. Þrátt fyrir það er það nokkuð sterkbyggt.



A) Lestu verkefnið vel, hvað þarf að nota og hvað á að rannsaka.

B) Hvað heldur þú að hægt sé að festa margar klemmur í hárið áður en það slitnar? Skráðu tilgátu þína

C) Haltu í annan enda hársins. Settu klemmu á hinn endann. Heldur hárið klemmunni?

D) Prófaðu hvað er hægt að klemma margar klemmur í hárið áður en það slitnar í sundur.

E) Lýstu tilrauninni og skráðu niðurstöðuna. Passar hún við tilgátuna? Hvaða ályktun dregur þú af tilrauninni?

F) Endurtaktu tilraunina en notaðu annað hár. Var það jafn sterkt? Prófaðu einnig hár úr bekkjarfélagi þínum.

G) Lestu um hár á bls. 66 í Mannlíkamanum. Úr hverju er hár gert? Afhverju stafar mismunandi hárlitur? Útskýrðu hár í stuttu máli.



VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- Ég get undirbúið einfalda athugun
- Ég get fylgt einfaldri athugun eftir
- Ég get skrifað skýrslu um athugun

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- Geti framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.



Afurð: Skýrsla með niðurstöðum